

## Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin alla virka daga kl. 10-14. Símatímar eru kl. 9-13. Póstkassi er í anddyri stjórnarsýsluhúss ef þarf að skila inn skjölum utan opnunartíma.

## Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafnið er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

## Sorp og endurvinnsla

Söfnun á rúlluplasti verður dagana **13.-15. apríl**.

Sorphirðing er annan hvorn þriðjudag. Annan þriðjudaginn er tekið sorp í Búðardal og gámar í dreifbýli sunnan við Búðardal tæmdir. Hinn þriðjudaginn eru tæmdir sorpgámar í dreifbýli vestan Búðardals. Sorphirðudagatal er að finna á heimasíðu Gámajónustu Vesturlands.

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14. Auk þess geta íbúar komið með flokkað sorp á flokkunarstöð við Vesturbraut (gámavellinum) á öllum tímum sólarhrings og losað í flokkunarkrær.

## Félagsþjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnarsýsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Mikilvægt er að panta tíma. Tímamantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 milli kl. 9 og 15 virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.



# DALAPÓSTURINN

4. tölublað, 9. árgangur  
8. apríl 2016

## Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn í Dalabúð þriðjudaginn 12. apríl og hefst kl. 20.

### Dagskrá

1. Ársreikningur Dalabyggðar fyrir árið 2015
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2016  
Umræður og fyrirspurnir
3. Kaffihlé
4. Endurvinnslukortið: Flokkun – ekkert mál!
5. Söguldarsýning í Leifsbúð  
Kjartan Ragnarsson kynnir hugmyndir sínar

## Silfurtún - matráður

Matráður óskast til starfa sem fyrst á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Eyþór J. Gíslason rekstrarstjóri í síma 898 1251.

## Sumarstörf námsmanna

Sumarstarf hjá Dalabyggð fyrir einn háskólanema verður auglýst á vef Vinnumálastofnunar undir *Sumarstörf*. Hægt verður að sækja um frá 18. apríl.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Ræktun matjurta í heimilisgarðinum

Garðyrkjufélag Íslands stendur fyrir námskeiði í ræktun matjurta í heimilisgarðinum laugardaginn 23. apríl frá kl. 09:30 til 15:30 í Dalabúð.

Á námskeiðinu verður fjallað í máli og myndum um ræktun matjurta í heimilisgarðinum. Farið verður yfir forræktun, sáningu og fræ, pottun, vökvun, áburðargjöf og útplöntun. Þá verður fjallað um jarðveg og lífið í jarveginum, umhirðu og uppskeru ásamt algengustu vandamálum sem fylgja ræktun matjurta.

Leiðbeinandi er Gunnþór K. Guðfinnsson garðyrkjufræðingur. Þátttökugjald er 6.500 kr. Skráning er á netfangið [gardyrkjufelag@gardurinn.is](mailto:gardyrkjufelag@gardurinn.is) eða í síma 853 9923.

Námskeiðið er í umsjón Garðyrkjufélags Dalabyggðar í samstarfi við sveitafélagið Dalabyggð.

Garðland fyrir grænmetisræktun í Búðardal verður í nágrenni við vatnstankinn eins og undanfarin ár. Landið verður unnið þegar fært verður.

## Manntöl og manntalsvefur

Laugardaginn 23. apríl mun Benedikt Jónsson flytja erindi um manntöl og manntalsvefinn á Byggðasafni Dalamanna á Laugum í Sælingsdal.

Benedikt Jónsson er ættaður frá Hömrum í Haukadal, var kennari við Laugaskóla og starfar núna á Þjóðskjalasafni Íslands. Sögustundin hefst kl. 15. Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir fullorðna og kaffi á könnunni. Frítt er fyrir börn yngri en 18 ára.

## Sælingsdalslaug

Opnunartímar í apríl verða á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18 og laugardögum kl. 14-18. Breytingar á áður auglýstum opnunartímum eru auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tólmstundabúðanna Laugum.

## Sjálfbóðaliðaverkefni

Umsóknarfrestur um sjálfbóðavinnuverkefni Dalabyggðar er til **29. apríl**. Byggðarráð afgreiðir umsóknir. Íbúar eru hvattir til að nýta sér þetta til að hrinda í framkvæmd brýnum umhverfisverkefnum í sínu næsta nágrenni.

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru að umsækjandi eigi lögheimili í Dalabyggð, sé ekki í vanskilum við sveitarfélagið og að umsókninni fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun. Forsvarsmaður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Dalabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

Skilyrði fyrir greiðslum er að verkefnið sé unnið í samræmi við umsókn, greiðslur verða aldrei hærrí en framlögð áætlun og að greiðslur renna að jafnaði til þeirra aðila sem gefa út reikninga vegna vöru- eða þjónustukaupa.

Reglur og umsóknareyðublöð um sjálfbóðavinnuverkefni er að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

## Flokksstjóri vinnuskóla

Starf flokksstjóra við Vinnuskóla Dalabyggðar er laust til umsóknar. Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri, hafi reynslu af því að að vinna með börnum og hafi bíl til umráða.

Umsóknareyðublöð eru á [www.dalir.is](http://www.dalir.is) og á skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til **29. apríl**.

## Vinnuskólinn

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 6. júní til 31. júlí og er fyrir unglinga fædda árin 2000 - 2003. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin, en fjóra daga fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu ([www.dalir.is](http://www.dalir.is)) og skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til og með **13. maí**.